

Sjávarfallaathugun í Brokey,

11.-13. ág. '55

Jón og Vilhjálmur Vigfússynir í Brokey skýra svo frá, að laust fyrir aldamót hafi faðir þeirra hlaðið garð þvert fyrir minni á vogi vestan í Norðurey og hagnýtt þar sjávarföllin til kornmölunar. Dyr voru á garðinum og settur þar í spjaldakarlar.

Árið 1901 gerði faðir þeirra, Vigfús Jónsson Hjaltalín, brú til Norðureyjar rétt ofan við lendinguna í Brokey, enda-stöplar brúarinnar eru grjótgarðar, sem girða nær þvert yfir sundið og eru tengdir saman með timburfleka. Árið eftir flutti hann spjaldakarlinn og kom honum fyrir í flóðgátt brúarinnar, var þar eftirlit auðveldara, meira afl en við veginn og malað bæði við aðfall og útfall. Var myllan síðan ekki lögð niður fyrr en korn hætti að flytjast.

Vilhjálmur Vigfússon athugaði mun flóðs og fjöru við síðasta stórstraum (júlí) og mældist honum mismunurinn 3,95 m vestan Brokeyjar.

Hér er ekki um stærsta sjávarfallastraum að ræða og töldu þeir bræður að eðlilegar sveiflur umfram þetta mark væru um 70 cm, þ.e.a.s. mesta sveifla af sjávarföllum 4,7 m.

Vilhjálmur Ögmundsson á Narfeyri telur að sögn þeirra bræðra, að á síðustu 25 árum hafi eitt flóð af stormi og stórstreymi gengið 1 m upp fyrir þessi mörk, þ.e.a.s. nálægt 5,70 upp fyrir lægstu fjörumál.

Þann 12/8 mældum við sveiflur flóðs og fjöru austan Brokeyjar, þann dag var mjög smástreymt. Sveiflan reyndist 2,05 m.

Ef viðtekur athugunir á að gera á sjávarföllunum í Hvammsfjarðarmynni, verður að hafa a.m.k. tvo síritandi vatnshæðarmæla. Sökum þess hve útfiri er mikið við eyjarnar, annarsstaðar en þar sem meðir mjög á frá opnu hafi, er dýrt að koma sjálfriturunum fyrir. Því virðist koma til greina að setja sjálfritara við bryggju í Stykkishólmi og annan við nýju bryggjuna að Hjallanesi. Setja síðan upp bráðabirgðakvarða við hin ýmsu sund á milli eyjanna, eftir því sem

þurfa þykir, t.d. austan og vestan Brokeyjar og sé lesið á þá með fárra mínútna millibili í nokkra sólarhringa, bæði við smástreymi og stórstreymi. Með því fengist auðveldlega glögg mynd af gangi sjávarfallanna við eyna. Þá þyrfti að setja upp hæðarkvarða á sama hátt í syðstu sundunum og þeim nyrstu, til þess að finna, hvenær liggjandinn er á hverjum stað, en að sjálfsögðu er hann ekki samtímis á neinum tveimur stöðum í stefnunni A-V, og fyrr að sunnanverðu í firðinum en að norðan.

Hæsti þröskuldurinn í sundinu milli Brokeyjar og Norðureyjar er austast í sundinu. Af því leiðir að liggjandinn við fjöru er fyrr við brúna í Brokey heldur en austan eyjarinnar. T.d. tók vatn að streyma inn í sundið hjá brúnni laust fyrir kl. 21 þann 12. ág. en varð ekki fyrr en kl. 22 sem liggjandinn kom í Dalbúk (mitt sundið milli Norðureyjar og Vakthólma).

Liggjandinn var mjög skammvinnur í Dalbúk, straumlaust í einar 2 mínútur aðeins. Fyrsta hálf klukkutímann á undan og eftir var straumhraðinn undir 1 m/s, en óx síðan furðufljótt upp í 3 m/s (mesta mældan straumhraða, en ýtarlegri athugun þarf að gera þar, þegar hæðarkvarðar hafa verið settir upp).

Valið var F.M. (fast merki) við Dalbúk. Það er klettasnös Brokeyjarmegin, hæsti punktur klappar málaður með rauðu merki . Staður: Hraunstangi.

Dalbúkur 12. ág. 1955. Rm 638

B	D	H
mælt frá Brokey m	á fjörul. m	frá F.M. að botni m
0	0,0	4,60
5	2,25	6,85
10	4,55	9,20
15	5,80 pari	10,40
20	6,50	11,10
25	6,75	11,35
30	6,30	10,90
35	4,95	9,55
40	3,45	8,05
43	2,80	7,40
48	0,00	4,60

Þeir bræður skýrðu frá því, að Jóhannes Reykdal hefði sett fram þá kenningu, að láta mætti sjávarföllin við brúna deila vatni upp úr lóninu í geymsluþró á bæjarhólnum og fá þannig meira fall og jafnara rennsli og komast yfir hina dauðu punkta.

Steingrímur Jónsson, rafmagnsstjóri, leit hér á aðstöðu til virkjunar, er hann var hér á ferð fyrir nokkrum árum og taldi eftir sjónhendingu, að því er bræðurnir herma, að sunðið milli eyjanna rúmaði með 1 m hæðarsveiflu um 30000 m³, og með tveimur virkjunum mætti komast yfir liggjandann.

Hæstu flóð í Brokey hafa löngum verið miðuð við klöpp, sem stendur upp úr brúnni til Norðureyjar bæjarmegin, ekki er talið að dómsdagur sé í nánd meðan sér á klöppina, en þó mun ganga yfir hana í allra hæstu flóðum, t.d. að naturlagi í haustflóðinu mikla, er Pour qua pas fórst. Að morgni 12. ág. var "Dómadagsklöpp" 340 cm yfir fjörumáli. Frá klöppinni og á sökkul bæjarhúss er 9,4 m hæðarmunur og þaðan aðrir 9 m upp á sjónarhólinn, þ.e.a.s. fallið þaðan til sjávar er um 20 m.

Dalbúkur, frh. af athugun 12. ág. kl. 22 á fjöruliggjanda:

Á allri leiðinni frá Rmst og upp að brotinu var dýpi 6,5-7,0 m, í miðju sunði 25 m vestan við Rmst 6,8 og öðrum 25 m vestar var dýpið 6,7 m.

Reykjavík, 2. nóv. 1955

S. Rist

